

97 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð alþm. Sighvats 30. júní Árnasonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 30. júní 1910. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir minningarsjóð alþm. Sighvats Árnasonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með frjálsum samskotum í Vestur-Eyjafjallahreppi og eins háttstandandi manns utanhéraðs á afmælisdag Sighvats 29. nóv. 1898, í þeim tilgangi, að sjóðurinn beri nafn hans og að honum sé að öðru leyti falið, að ráða skipulagsskrá sjóðsins.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, og skal árlega leggja alla vextina við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn 500 kr. Þá upphæð má aldrei skerða. Upp frá því skal árlega leggja einn fjórða hluta vaxtanna við höfuðstólinn.

3. gr.

Sýslunefnd Rangárvallasýslu, eða það stjórnarvald þess héraðs, sem kann að verða skipað í hennar stað, skal hafa stjórn sjóðsins á hendi og sjá um ávöxtun hans á sem tryggilegastan hátt.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 500 kr., má verja árlega þrem fjórðu hlutum vaxtanna til verðlauna fyrir jarðabætur handa einum eða tveimur leiguliðum (eða fleirum þegar fram í sækir) í Vestur-Eyjafjallahreppi, sem stunda jarðabætur á ábúðarjörðum sínum og sem stjórn sjóðsins álitur maklegasta í hvert skifti eftir umsögn tveggja hlutvandra manna, annars leggist allir vextir sjóðsins við höfuðstólinn það árið, sem stjórn hans álitur engan af leiguliðum hreppsins maklegan fyrir verðlaunin.

5. gr.

Reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins skal sýslunefndin, eftir að hún hefir meðtekið skipulagsskrána, auglýsa árlega í stjórnartíðindum landsins.

Reykjavík, 23. nóv. 1901.

Sighv. Arnason.

(með e. h.)

L. S.